

Ed.

647. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 473, með eftirfarandi breytingum:

5. tölul. 29. gr. hljóðar svo:

Þóknunin til skattanefnda og yfirskattanefnda greiðist úr ríkissjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefnda, og greiðist hann á manntalsþingum. Stjórnarráðið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda.

52. gr. er fallin burt.

53. gr. er orðin 52. gr. og hljóðar svo:

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinni lagður á árið 1922. Um leið og þau koma til framkvæmdar eru úr lögum numin lög 14. des. 1877, um tekjuskatt, lög 3. okt. 1903, um viðauka við tjeð lög, og lög 26. okt. 1917, um breyting á og viðauka við sömu lög.

Lög þessi gilda til 31. des. 1923.